

voðalegar kanónudunur. Öllum varð hverft við. Menn æptu í von og reiði: „Það eru kanónur keisarans! Keisarinn kemur!“ Það heróp hafði ætíð hleypt hugrekki í herinn, og skotið óvinunum skelk í bringu. Þeir voru ekki vonlausir um, að geta varist hershöfðingjum hans, en félst hugur, þegar þeir áttu að berjast við hann sjálfan.

Nú æpti hver um annan þveran: „Enga uppgjöf! Keisarinn kemur.“ Það var verið að þrátta um, hve margar kanónur Frakkar ættu að hafa á burt með sér, tvær eða fleiri. Þá sagði Woronzof hershöfðingi á rússnesku við Löwenstern: „Látum þá fara með öll vopnin, og mín líka, ef við að eins getum fengið þá til að fara úr kastalanum.“

Það var varla búið að skrifa undir samninginn, þegar nýjar kanónudunur heyrðust og nú miklu nær en áður. Moreau varð bleikur sem nár og greip í handlegginn á Löwenstern: „Þér hafið dregið mig á talar. Keisarinn kemur. Blucher er á flóttu. Keisarinn mundi hafa varpað honum í Aisne-fljótið, þó eg hefði ekki gefist upp. Hann lætur skjóta mig. Það er úti um mig.“

Napoleon gaf honum upp sakir, en það er sannað, að hefði kastalinn ekki gefist upp þá, var áður skipað svo fyrir, að umsátinni yrði hætt daginn eftir.

Það var orðtæki í Frakklandi í þann tíma, að ætíð skyldi skjóta seinasta skotinu úr kanónunni, því það gæti, ef til vildi, unnið á óvinunum. En Moreau vanrækti það. Annars hefði óvinir Frakka beðið ósigur, eftir því sem bezt verður séð, og Evrópa hefði þá litið alt öðruvísi út á vorum tímum.

Eg þekki enga lærdómsríkari, enga djúpsærri sögu en umsát Soissons, þegar hún er þannig sögð. Eg þekki enga siðfræðilegri sögu.

Það dugar ekki að halda því fram, að óvíst sé, hvort Napoleon hefði ekki beðið ósigur á einhvern hátt áður, þó hann hefði unnið sigur á Rússum, Prússum og Austurríkismönnum 1814. Það er að minnsta kosti líklegt, að hann hefði haldið velli. Hann var þá allur annar maður en áður, þegar hann lét meteorðadraumana eingöngu ráða við sig. Allir hans höfuðkostir voru þá þroskaðri en nokkurn tíma áður.